



Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Alþingis.

Reykjavík, 22. mars 2021

Framtíðarnefnd hefur verið starfrækt á vegum forsætisráðuneytis síðan 2018 með þátttöku þingmanna úr öllum þingflokkum. Um nokkurt skeið hefur verið í undirbúningi yfirfærsla nefndarinnar frá forsætisráðuneytinu til Alþingis og var í fjárlögum fyrir árið 2021 samþykkt tillaga um 16 millj. kr. tímabundið framlag til Alþingis vegna kostnaðar við framtíðarnefnd.

Í minnisblaði forsætisráðherra til forseta Alþingis, sem fylgir með erindi þessu, kemur fram að: „Framtíðarnefnd forsætisráðherra starfi áfram þarf til framtíðarnefnd Alþingis hefur verið formlega stofnuð með breytingum á þingskaparlögum sem stefnt er að í vor og starfsmaður ráðinn til að starfa með nefndinni“.

Í meðförum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar er nú þingmál nr. 468 á 151. löggjafarþingi, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starf þingnefnda, tímafrestir, eftirlit, starfsfólk, stjórnslá, o.fl.), á þingskjali 790. Þess er farið á leit að nefndin hafi frumkvæði að breytingartillögu við framangreint frumvarp, sbr. hjálagt minnisblað forseta Alþingis til forsætisnefndar, dags. 19. mars 2021.

Fylgiskjöl:

- Minnisblað forseta Alþingis til forsætisnefndar, dags. 12. mars. 2021
- Minnisblað forsætisráðherra til forseta Alþingis, dags. 20. feb. 2021
- Minnisblað rannsókn- og upplýsingaþjónustu um hlutverk og starfsemi framtíðarnefndar finnska þingsins.

FORSETI ALÞINGIS

Til forsætisnefndar.
Frá forseta Alþingis.
12. mars 2021.

Útg. 19. mars 2021: Orðalag brb. ákvæðis endurskoðað

Framtíðarnefnd Alþingis
(tillaga að breytingum á þingsköpum).

Inngangur.

Framtíðarnefnd, skipuð ellefu þingmönnum úr öllum flokkum, hefur verið starfandi á vegum forsætisráðuneytisins síðan árið 2018. Smári McCarthy er formaður nefndarinnar og Líneik Anna Sævarsdóttir varaformaður. Eins og forsætisnefnd hefur verið greint frá hafa verið lögð drög að því að vista nefndina á Alþingi og fylgja þannig fyrirmyndinni, sem er framtíðarnefnd finnska þingsins. Umfjöllun um hana er í fylgiskjali 2.

Í fjárlögum fyrir árið 2021 var samþykkt 16 mkr. tímabundið framlag til Alþingis til að standa straum af kostnaði við starf framtíðarnefndar. Í nefndarátliti meiri hluta fjárlaganefndar er vísað til þess að flutningur framtíðarnefndar til þingsins hafi „fengið jákvæðar undirtektir að því tilskildu að Alþingi hafi fjárheimild til að standa myndarlega að verkefninu“. Á ársgrundvelli stendur framlagið undir launakostnaði sérfræðings og öðrum föstum kostnaði en möguleikar til annars, t.d. aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, eru takmarkaðir. Sé ætlunun að vinnulag framtíðarnefndar Alþingis sé áþekkt því sem tíðkast hjá systurnefndinni í Finnlandi þarf að endurskoða þessa upphæð.

Tillaga um breytingu á þingsköpum.

Í 13. gr. þingskapa er fjallað um fastanefndir þingsins og hlutverk þeirra. Eðlilegt kann að virðast að kveðið verði á um framtíðarnefnd í ákvæðinu. Vandlega þyrfti að gaumgæfa hvernig orðalagi um framtíðarnefnd yrði háttað ef lögð yrði til varanleg breyting á 13. gr. Þó kann að vera að betur fari á að ákvæði um framtíðarnefnd sé annars staðar fyrir komið, enda nefndin um margt ólík núverandi fastanefndum, bæði að uppbyggingu og efni. Samhliða breytingum á 13. gr. eða setningu nýs ákvæðis þyrfti að huga að breytingum á 14. gr. um kosningu í nefndina og eftir atvikum undanþiggja hana d'Hondt-hlutfallskosningu og reglu 5. másl. 1. mgr. 14. gr. um að enginn megi eiga sæti í fleiri en tveimur fastanefndum. Jafnframt þyrfti að setja bráðabirgðaákvæði um skipan nefndarinnar eða kosningu í hana á yfirstandandi

kjörtímabili þar sem ella leiddi af þingsköpum að fyrst yrði kosið í nefndina að afloknum næstu alþingiskosningum.

Í ljósi þess að framtíðarnefndinni hefur ekki verið tryggt fjármagn nema á yfirstandandi ári og mikilvægis þess að reynsla komist á störf, verkefni og skipun nefndarinnar gæti verið ákjósanlegt að framtíðarnefnd starfi á grundvelli bráðabirgðaákvæðis fyrst um sinn, t.d. út næsta kjörtímabil. Þannig fengist nokkur reynsla af því að starfrækja framtíðarnefnd hjá Alþingi og á grunni þeirrar reynslu mætti sníða framtíðarákvæði um nefndina í þingsköp. Bráðabirgðaákvæði í þessa veru gæti t.d. verið svohljóðandi:

Á yfirstandi löggjafarþingi og í upphafi næsta kjörtímabils skal kjósa framtíðarnefnd sem starfar til loka kjörtímabilsins. Nefndin skal m.a. fjalla um áskoranir og tækifæri Íslands í framtíðinni með tilliti til tæknibreytinga, langtímabreytinga á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegra breytinga og sjálfvirknivæðingar. Ekki skal vísa þingmálum til nefndarinnar en öðrum nefndum er heimilt að óska eftir áliti nefndarinnar á þingmálum sem þær hafa til meðferðar.

Nefndin skal skipuð 11 þingmönnum og skulu allir þingflokkar eiga fulltrúa í henni. Að lágmarki skulu 5 þingmenn úr þingflokkum stjórnarandstöðu eiga sæti í nefndinni og skulu þingmenn úr röðum stjórnarliða og stjórnarandstæðinga gegna formennsku og varaformennsku í nefndinni á víxl eitt ár í senn. Seta þingmanns í framtíðarnefnd skal ekki koma í veg fyrir að hann sitji jafnframt í allt að tveimur fastanefndum, sbr. 5. málsl. 1. mgr. 14. gr.

Um nefndina skal að öðru leyti fara eins og um fastanefndir eftir því sem við getur átt. Forseta er heimilt að setja nánari reglur um störf, skipan og sérstöðu framtíðarnefndar.

Lagt er til að því verði beint til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að taka til athugunar að ákvæðinu verði bætt við fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis o.fl. (468. mál) með breytingartillögu.

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Forseti Alþingis**
Sendandi: **Forsætisráðherra**
Dagsetning: **20.02.2021**

Málsnúmer: **FOR20060486**
Bréfalykill: **2.4.1**

Efni: **Framtíðarnefnd: Yfirfærsla frá forsætisráðuneytinu til Alþingis**

Sumarið 2018 skipaði forsætisráðherra framtíðarnefnd með 11 þingmönnum úr öllum þingflokkum með stuðningi starfsmanna úr forsætisráðuneytinu. Smári McCarthy var skipaður formaður nefndarinnar og Líneik Anna Sævarsdóttir varaformaður. Fyrirmynd nefndarinnar er framtíðarnefnd finnska þingsins sem hefur verið starfandi í um aldarfjórðungsskeið með 17 þingmönnum úr öllum flokkum. Finnska nefndin virkar sem hugveita þingsins um framtíðarmálefni og er ætlað að skapa umræðu við stjórnvöld um tækifæri og ógnanir til framtíðar. Framtíðarnefnd forsætisráðherra var m.a. ætlað að fjalla um þróun meginstrauma sem koma til með að hafa mótandi áhrif á samfélagið til framtíðar, einkum með hliðsjón af tækniframförum, þróun umhverfismála og lýðfræðilegum þáttum.

Starfsemi framtíðarnefndar forsætisráðherra hefur gengið ágætlega enda mikilvægt að þingmenn hafi vettvang til að fjalla nánar um þær ólíku áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér. Þrátt fyrir gott starf nefndarinnar þá eru áskoranir sem nefndin stendur frammi fyrir og snúa þær m.a. að því að nefndin starfar fyrir utan hið formlega nefndarskipulag Alþingis.

Vinnuhópur um nýtt skipulag framtíðarnefndar

Í nóvember 2019 lagði forsætisráðherra til að vinnuhópur með fulltrúum skrifstofu Alþingis, formanni og varaformanni framtíðarnefndar og starfsmanni forsætisráðuneytisins kæmu saman til að meta ólík skipulagsform fyrir framtíðarnefndina. Hópurinn sem kom saman var myndaður af Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, Hildi Evu Sigurðardóttur, forstöðumanni nefndasviðs Alþingis, Smára McCarthy og Líneik Önnu Sævardóttur, alþingismönnum og Pétri Berg Matthíassyni starfsmanni forsætisráðuneytisins. Vinnuhópurinn greindi helstu kosti og áskoranir í starfi nefndarinnar og tók saman lista yfir ýmis álitaefni. Jafnframt lagði hópurinn mat á hlutverk og verkefni nefndarinnar. Vinnuhópurinn lagði að lokum til þrjár mismunandi sviðsmyndir um skipulag framtíðarnefndar. Ein þeirra var að nefndin yrði færð undir nefndarfyrirkomulag Alþingis.

Framtíðarnefnd á Alþingi

Í fjárlögum fyrir árið 2021 var samþykkt tillaga um 16 millj. kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við framtíðarnefnd. Með samþykkt þessarar tillögu var lagður grundvöllur að flutningi nefndarinnar frá forsætisráðuneytinu yfir til þingsins. Fram kom í áliti fjárlaganefndar að nefndin hefði verið verkefni Stjórnarráðsins frá því hún var fyrst skipuð árið 2018 en beiðni um tilfærslu hefur verið tekin fyrir í forsætisnefnd og fengið jákvæðar undirtektir að því tilskildu að Alþingi hafi fjárheimild til að standa myndarlega að verkefninu. Kostnaður Alþingis felst í launakostnaði sérfræðings sem starfar með nefndinni og einhverjum útlögðum kostnaði fyrir utan húsnæði og fundaraðstöðu sem Alþingi getur lagt til.

Framtíðarnefnd forsætisráðherra er skipuð 11 þingmönnum en á Alþingi eru fastanefndir að jafnaði skipaðar níu mönnum skv. lögum nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis. Fastanefndir fjalla almennt um þingmál sem til þeirra er vísað, þ.e. frumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur. Framtíðarnefndin hefur hingað til haft mikið svigrúm til athafna og er mikilvægt að tryggja að svo verði áfram í anda þess fyrirkomulags sem finna má í Finnlandi.

Tillaga:

Mikilvægt er að þeir starfshættir sem móttast hafa á þeim tíma sem framtíðarnefnd hefur komið saman haldist að einhverju leyti við flutning nefndarinnar yfir til Alþingis. Sú tillaga sem hér að neðan er sett fram tekur annars vegar mið af vinnu nefndarinnar undanfarin ár og hins vegar þeim fordæmum sem hægt er að líta til, s.s. í Finnlandi. Tillagan felur í sér að nefndinni verði ætlað að starfa með öðrum hætti en þær fastanefndir sem nú þegar eru starfandi skv. lögum um þingsköp Alþingis. Gera þarf því breytingar á þingsköpum Alþingis ýmist með því að koma fyrir sérgrein um starfsemi nefndarinnar eða með því að bæta við ítarlegri málsgrein um nefndina í 13. gr. laganna. Hægt væri að kveða nánar á um starfsemi nefndarinnar í málsgrein og eru fordæmi fyrir slíku, sjá umfjöllun um stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í 13. gr. laganna.

Skipan nefndarinnar:

Núverandi nefndarskipan á Alþingi býður ekki upp á að allir flokkar geti átt fulltrúa í öllum fastanefndum. Þingflokkur, sem ekki á fulltrúa í nefnd, getur óskað eftir því að nefndin veiti honum áheyrnaðild. Hingað til hafa allir þingflokkar átt fulltrúa í framtíðarnefndinni og er mikilvægt að það haldist þannig við flutning nefndarinnar yfir til Alþingis.

- Lagt er því til að allt að 11 alþingismenn geti átt sæti í nefndinni.
- Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum stjórnarandstöðunnar og sex fulltrúum frá stjórnarmeirihlutunum.
- Formaður nefndarinnar komi úr röðum stjórnarandstöðunnar og varaformaður úr röðum stjórnarmeirihlutans.

Verkefni nefndarinnar:

Nefndinni er ætlað að starfa þvert á málaflokka og geta tekið fyrir mál sem efnislega heyra undir aðrar fastanefndir. Framtíðarnefndin starfar þó ólíkt öðrum fastanefndum og er ekki ætlað að taka fyrir þingmál sem aðrar nefndir eru með í meðförum hjá sér, þ.e. frumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur. Nefndinni ber að hafa frumkvæði og sjálfstæði til að ákvarða eigin efnistöð en verkefni nefndarinnar varða eftirfarandi svið:

- 1) Nefndin fjalli um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga, áhrif tækniframfara og hina svokölluðu fjórðu iðnbyltingu.
- 2) Nefndin fjalli um þróun þeirra meginstrauma sem koma til með að hafa mótandi áhrif á samfélagið til framtíðar einkum með hliðsjón af þróun umhverfismála og lýðfræðilegum þáttum.
- 3) Nefndin stuðli að upplýstri umræðu um tækifæri og ógnanir framtíðarinnar og verði virkur umræðuvettvangur um framtíðaráskoranir þjóðarinnar.
- 4) Nefndin getur óskað eftir því að fá fólk á fundi sína til að fjalla um mál sem hún hefur til umfjöllunar hverju sinni.
- 5) Nefndin fylgist með starfi vinnuhópa/nefnda á vegum framkvæmdavaldsins sem hafi sérstaka skírskotun til framtíðarmála, s.s. aðgerðaáætlun á sviði loftslagsmála, eftirfylgni með heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, verkefni á borði Vísinda- og tækniráðs o.s.frv.
- 6) Nefndin getur lagt fram fyrirspurn til ráðuneyta og óskað eftir greiningum á málefnum sem hafa skírskotun við framtíðarmiðuð málefni.

Næstu skref:

Framtíðarnefnd forsætisráðherra starfi áfram þarf til framtíðarnefnd Alþingis hefur verið formlega stofnuð með breytingum á þingskaparlögum sem stefnt er að í vor og starfsmaður ráðinn til að starfa með nefndinni. Framtíðarnefnd Alþingis ætti því formlega að geta tekið til starfa í sumar.

HLUTVERK OG STARFSEMI FRAMTÍÐARNEFNDAR FINNSKA ÞINGSINS – MINNISBLAÐ

Stígur Stefánsson, staðgengill forstöðumanns nefndasviðs, bað rannsókn- og upplýsingaskrifstofu Alþingis um minnisblað um hlutverk og starfsemi framtíðarnefndar finnska þingsins í tölvupósti 23. febrúar 2021.

Efnis í samantektina var aflað með aðstoð rannsókn- og upplýsingaþjónustu finnska þingsins og starfsmanns framtíðarnefndarinnar, Arja Laukkanen. Vefsíður framtíðarnefndar finnska þingsins og finnska forsætisráðuneytisins komu að notum sem og skýrslur á ensku frá framtíðarnefndinni og finnska forsætisráðuneytinu. Grein Vesa Koskimaa og Tapio Raunio: „Encouraging a longer time horizon: the Committee for the Future in the Finnish Eduskunta“, sem birtist 10. mars 2020 í vefritinu The Journal of Legislative Studies, er upplýsandi um hlutverk og starfsemi framtíðarnefndar finnska þjóðþingsins.

Framtíðarnefnd finnska þingsins – sérstæð meðal þingnefnda

Framtíðarnefnd finnska löggjafarþingsins hefur verið meðal fastanefnda þingsins frá árinu 2000 en var upphaflega komið á fót sem sérnefnd árið 1993. Nefndin er skipuð 17 þingmönnum og ræður þingstyrkur fjölda fulltrúa frá hverjum stjórnmálaflokki. Það er einkennandi fyrir framtíðarnefndina að störf hennar snúast einungis að litlu leyti um hefðbundin þingmál og löggjafarstarf og greinir hún sig frá öðrum fastanefndum þingsins í þessu tilliti auk þess sem starfshættir hennar eru verulega frábrugðnir starfsháttum annarra fastanefnda. Af þessum sökum þykir það minna skipta en ella hvort fulltrúar í henni tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu.

Finnska framtíðarnefndin mun vera hin eina sinnar tegundar í Evrópu, og þótt víðar væri leitað. Í ýmsum þjóðþingum eru þó starfandi nefndir með áþekkt verksvið, svo sem nefnd breska þingsins um vísinda- og tæknimálefni, Parliamentary Office of Science and Technology – POST, en þær njóta ekki þeirrar sérstöðu sem finnska framtíðarnefndin hefur með tilliti til stöðu hennar gagnvart annarri starfsemi finnska löggjafarþingsins og frelsis í verkefnavali og starfsháttum.

Þar sem hlutverk, viðfangsefni og starfshættir framtíðarnefndar finnska þingsins eru frábrugðin því sem almennt gerist um þingnefndir þykir erfitt að meta til fullnustu áhrif hennar á finnsk stjórnsmál eða gagnsemi hennar fyrir finnskt samfélag. Ljóst er þó að stefnumótun til langs tíma og tilraunir til að greina breytingavalda og meta áhrif þeirra njóta meiri athygli nú á tímum hnattvæðingar og hnattrænna úrlausnarefna heldur en fyrr á tíð og þetta styrkir ótvírætt tilvistargrundvöll framtíðarnefndarinnar.

Hlutverk starfsemi og starfshættir framtíðarnefndar finnska þingsins

Eins og títt er um fastanefndir löggjafarþinga eiga nefndir finnska þingsins sér samsvörun í ráðuneytum hvað verksvið varðar og á þetta einnig við um framtíðarnefndina sem á sér samsvörun í forsætisráðuneyti landsins hvað viðfangsefni snertir.

Verksviði framtíðarnefndarinnar má skipta í þrjá misjafnlega veigamikla þætti og fela þeir í sér hlutverk hennar.

1) Löggjafarmálefni og önnur þingstörf

Nefndinni er ætluð þátttaka í löggjafarstarfi að því leyti til að hún getur látið í ljós álit um hvaða þingmál sem er, en engum þingmálum sem varða löggjafarmálefni beinlínis er vísað til hennar. Á árabílinu 2000–2018 lagði nefndin aðeins fram rúmlega fjögur álit á ári vegna þingmála en nokkru fleiri allra síðustu ár. Framtíðarnefndin lætur jafnan frá sér fara álit á

fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun finnsku ríkisstjórnarinnar en í heildina tekið er hlutur hennar í löggjafarstarfinu lítill.

Langtum veigameiri þáttur, sem kalla má þungamiðju í starfi framtíðarnefndarinnar, er umfjöllun um framtíðarskýrslu ríkisstjórnarinnar og samstarf við forsætisráðuneyti Finnlands um efni hennar. Um mitt kjörtímabil ber finnska forsætisráðuneytinu að leggja fyrir þjóðþingið skýrslu um málefni sem forsætisráðherra og ríkisstjórn landsins hafa komið sér saman um að fjallað verði um og talin eru líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á framtíðarþróun á þeim sviðum þar sem áhrifa þeirra gætir. Framtíðarnefndin getur verið með í ráðum um val á viðfangsefnum og mótun efnistaka en ákvörðunarvald í þessum efnum liggur ríkisstjórnarmegin.

Löggjafarþinginu ber að bregðast við framtíðarskýrslu forsætisráðherra og er það starf verkefni framtíðarnefndarinnar sem jafnan skilar álitinu sínu í vænni skýrslu undir lok kjörtímabils. Þegar þangað er komið er gjarnan mikill erill á vettvangi þingsins við að ljúka málum áður en umboð hinna kjörnu fulltrúa rennur út og getur því farið svo að skýrsla framtíðarnefndarinnar fái litla umfjöllun. Engu að síður er talið að það samstarf löggjafarvalds og framkvæmdavalds sem í framangreindu felst sé mikilvægt fyrir finnskt samfélag og tilvera framtíðarnefndarinnar hvílir að talsverðu leyti á því.

Frá árinu 2017 hefur ríkisstjórn Finnlands lagt fram á löggjafarþinginu stöðuskýrslu einu sinni á hverju kjörtímabili vegna eftirfylgni við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030. Framtíðarnefndin veitir henni viðtöku og fjallar um efni hennar fyrir hönd þingsins.

2) Greining og mat á áhrifavöldum framtíðar

Framtíðarnefnd finnska þingsins er ætlað að fylgjast með tækni- og samfélagsþróun og greina og meta í tæka tíð þætti sem líklegir eru til að hafa umtalsverð áhrif á finnskt samfélag í framtíðinni þannig að unnt sé að bregðast við þeim með pólitískri stefnumótun og öðrum viðeigandi viðbrögðum. Undir þetta fellur meðal annars að bera kennsl á tækninýjungar sem líklegar eru til að valda straumhvörfum, þróa aðferðir til að bregðast við óvæntum atburðum og gera grein fyrir framtíðarhorfum á ýmsum ólíkum sviðum.

3) Nýsköpun og þróun í þágu finnska löggjafarþingsins

Framtíðarnefndinni er ætlað að leggja fram hugmyndir um þróun og breytingar á starfsemi finnska þingsins sem eflt geti lýðræði og styrkt ákvarðanatöku. Í þessu skyni hefur nefndin þróað ýmsar nýstárlegar aðferðir til samskipta og samráðs við almenning og sérfræðinga með tilliti til þingstarfa.

Starfshættir framtíðarnefndarinnar og verkefnaval

Það megineinkenni á framtíðarnefnd finnska löggjafarþingsins hversu óbundin hún er af hefðbundnum verkefnum þingsins og hve ríkulegt svigrúm hún hefur til athafna á eigin forsendum hefur mótað starfshætti hennar verulega. Þetta birtist meðal annars í því að nefndin kostar kapps um að starfa fyrir opnum tjöldum og er í nánun samstarfi við fjölda aðila.

Meðal fastra samstarfsaðila framtíðarnefndarinnar er valinn hópur einstaklinga, sem komnir eru nokkuð til ára sinna en hafa getið sér gott orð fyrir störf sín og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu. Framtíðarnefndin á einnig samstarf við fjölda sérfræðinga og stofnana á ýmsum sviðum og leitar enn fremur eftir viðhorfum ungs fólks sem ekki hefur lokið menntun sinni né öðlast lífs- eða starfsreynslu að neinu marki.

Framtíðarnefndin leggur áherslu á fjölþjóðasamstarf og leggur mikla rækt við það, m.a. með aðild að margvíslegum tengsla- og samskiptanetum, svo sem European Parliamentary Technology Assessment – EPTA, og heimsóknir til ýmissa erlendra aðila eru jafnan á dagskrá nokkrum sinnum á ári.

Nefndin stendur alla jafna fyrir talsverðu kynningar- og útbreiðslustarfi og er þetta meðal þess sem greinir hana frá hefðbundnum fastanefndum finnska löggjafarþingsins. Frá aldamótum hafa verið gefin út á hennar vegum hartnær 80 rit um ólík viðfangsefni, oftlega er fjallað um viðfangsefni og störf nefndarinnar í fjölmiðlum að hennar frumkvæði og framtíðarnefndin hefur margoft staðið fyrir fundahöldum og kynningum víða í Finnlandi.

Verksvið hefðbundinna fastanefnda löggjafarþinga er að jafnaði fastmótað og viðfangsefni þeirra ráðast að mestu leyti af þeim málefnum sem eru til umfjöllunar á vettvangi þingsins hverju sinni. Hvað framtíðarnefnd finnska þingsins varðar er þessu á annan veg farið. Hún hefur víðtækt dagskrárvald sem gerir henni kleift að velja viðfangsefni sín að verulegu leyti. Meginkraftan er að verkefni lúti að breytingavöldum og breytingum sem allar líkur eru á að muni móta samfélög framtíðarinnar og sem talið er óhjákvæmilegt að bregðast við með stefnumótun og aðgerðum á grundvelli þeirra. Framtíðarnefndin hefur nýtt sér tækifærin sem hún hefur til að standa að eigin rannsóknarstarfi og hafa verkefni af því tagi ávallt verið snar þáttur í starfsemi hennar.

Uppruni framtíðarnefndarinnar

Í umfjöllun um framtíðarnefnd finnska þingsins er gjarnan vikið að því að vitneskja um tilurð hennar sé mikilvæg forsenda skilnings á hlutverki hennar og eðli.

Á fyrri hluta 10. áratugar síðustu aldar gætti samdráttar í efnahagslífi margra Evrópulanda. Á Norðurlöndum birtist vandinn m.a. í bankakreppu, rekstrarerfiðleikum fyrirtækja í ýmsum greinum og útbreiddu atvinnuleysi og efasemdir vöknudu um að efnahagur norrænu þjóðanna fengi staðið undir velferðarkerfum þeirra þegar til lengdar léti.

Finnar fóru ekki varhluta af efnahagsþrengingunum. Þvert á móti urðu þær meiri meðal þeirra en í nálægum löndum og olli því hrun Sovétríkjanna undir árslok 1991, en þau höfðu verið mikilvægasta viðskiptaland Finna um áratuga skeið og sambúðin við hið volduga og fyrirferðarmikla grannríki hafði mótað tilveru finnsku þjóðarinnar á flestum sviðum.

Finnar tóku ákvörðun um að leita eftir aðild að Evrópusambandinu og varð Finnland eitt sambandsríkjanna 1. janúar 1995.

Það var á þessu skeiði pólitískrar og efnahagslegrar óvissu sem framtíðarnefndin varð til, árið 1993, með það að markmiði að vega og meta framtíðarhorfur Finnlands á tvísýnum tímum og leita leiða til að varðveita norræna velferðarkerfið. Nokkur ár liðu þar til nefndin varð fastanefnd og ákvörðunin um að veita henni þá stöðu fékk nokkurn andbyr en hlaut að lokum brautargengi. Meðal þess sem vó þungt í rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun var að nauðsynlegt væri að hafa slíkan vettvang innan þingsins til að fjalla um ýmis hnattræn málefni á borð við loftslagsbreytingar, hnattvæðingu viðskipta- og efnahaglífs, alþjóðlega tækniþróun og fólksfjöldabreytingar.

Framangreind málefni hafa vissulega verið meðal umfjöllunarefna framtíðarnefndar finnska þingsins en hún hefur einnig beint sjónum sínum að huglægum efnum svo sem skilgreiningu á hugtökunum staðreynd og sannleikur með tilliti til orðræðu samtíðarinnar. Einnig hefur nefndin fjallað um ýmsa þætti finnskra atvinnu- og félagsmála þar sem talin er þörf fyrir langtíma stefnumótun.

Dæmi um nýlegt efni frá framtíðarnefnd finnska þjóðþingsins

Committee for the Future: Agenda 2030 Reports and Future Reports in the Parliamentary Term 2015–2018. Committee for the Future. Parliament of Finland. Helsinki 2019.

Societal Transformation 2018–2037. 100 anticipated radical technologies, 20 regimes, case Finland. Committee for the Future. Helsinki 2019.

Technological Change 2013–2016. Preliminary investigation: Development of radical technologies after the review in 2013. Committee for the Future. Parliament of Finland. Helsinki 2016.

For the Next Generations. Report of the International Seminar in the Finnish Parliament 7–8 June 2016. Committee for the Future. Parliament of Finland. Helsinki 2016.

100 Opportunities for Finland and the World. Radical Technology Inquirer (RTI) for anticipation/evaluation of technological breakthroughs. Committee for the Future. Parliament of Finland. Helsinki 2015.

Dæmi um framtíðarskýrslur finnsku ríkisstjórnarinnar

Government Report on the Future, Part 2. Solutions to the transformation of work. Prime Minister's Office. Finland. Helsinki 2018.

Government Report on the Future, Part 1. A shared understanding of the transformation of work. Prime Minister's Office. Finland. Helsinki 2017.

Government Report on the Future: well-being through sustainable growth. Prime Minister's Office. Finland. Helsinki 2013.